



Félagsheimilið á Blönduósi ehf. AÐALFUNDUR –06. Ágúst 2008

Aðalfundur Félagshemilisins á Blönduósi miðvikudaginn 06 ágúst 2008 klukkan 17,00 í félagsheimilinu.

Mæting samkvæmt undirskriftum..

Dagskrá:

1. Kjör fundastjóra.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Staðfesting ársreikninga félagsins.
4. Breyting á samþykktum.
5. Kjör stjórnar og endurskoðenda félagsheimilisins.
6. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap, um arð og framlög í varasjóð.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Afgreiðslur:

1. Nína Margrét setti fund og skipaði Arnar Þór fundarstjóra og Kristínu ritara.
2. Nína Margrét fór í stórum dráttum yfir starfsemina í húsinu undanfarið ár.
3. Umræður urðu um reikninga og þeir bornir undir atkvæði. Reikningar voru samþykktir samhljóða.
4. Arnar Þór las upp breytingar á samþykktum sem hljóða svo:

16.gr. hljóðar svo:

„ Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Séu hluthafar fjórir eða færri má ákveða að stjórnina skipi einn eða tveir menn, sbr.1.mgr. 39. gr. ehfl., og skal þá kjósa a.m.k. einn varamann.

Eftir breytingu mun 16.gr. hljóða svo:

„ Stjórn félagsins skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir tveggja



stjórnarmann skuldbinda félagið. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Séu hluthafar fjórir eða færri má ákveða að stjórnina skipi einn eða tveir menn, Sbr. 1. mgr 39. ehfl., og skal þá kjósa a.m.k einn varamann.

Fundurinn samþykkir að Leikfélag Blönduós hafi alltaf áheyrnarfulltrúa þegar fjallað er um málefni Félagsheimilisins á stjórnarfundum. Samþykktirnar voru bornar upp og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

5. Skipun stjórnar borin undir atkvæði og samþykkt.

Stjórn: Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson
Héðinn Sigurðsson
Kári Kárason.

Varamenn. Valgarður Hilmarsson
Zophonías Ari Lárusson
Ágúst Þór Bragasson.

6. Tapið er fært á ójafnað eigið fé.

7. Nína Margrét skýrði frá því að húsvörður hefði sagt upp störfum og vildi losna sem Fyrst, nokkrar umræður urðu um rekstur hússins.

Arnar Þór óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf og sleit fundi.

Kristín Guðjónsdóttir (sign.)
Héinn Sigurðsson (sign)
Valdimar Guðmannsson (sign)
Kári Kárason (sign)
Nína Margrét Pálmadóttir (sign)
Arnar Þór Sævarsson (sign)
Zophonías Ari Lárusson. (sign)